

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**18. janúar 2022**

**Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að götulýsing verði hækkuð í 50 lúx**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hækka tafarlaust birtustig götulýsingar í 50 lúx.

**Greinargerð**

Í Reykjavík eru hátt í 30 þúsund götuliós eða lampar. Götulýsing í Reykjavík stjórnast af ljósmæli sem tekur mið af dagsbirtu, en miðað er við sama birtustig og tíðkast á Norðurlöndum (20 lux).

Reykjavíkurborg er með 21.000 lampa af þeim tæplega 30.000 sem eru í Reykjavík. Aðrir stórir notendur eru Vegagerðin, sem sér um lýsingu á stofnbrautum og Faxaflóahafnir sem sér um lýsingu á hafnarsvæðum.

Götulýsingin í Reykjavík er borginni ekki til sóma. Allt frá því í september og til mánaðamóta mars/apríl ár hvert er lýsingin með þeim hætti að hún er stórhættuleg fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Gríðarleg slysaþætta skapast af myrkrinu sem Reykjavíkurborg er haldið í. Þá eru ótaldar hliðarverkanir sem skapast af lélegri lýsingu s.s. innbrot og ofbeldismál í miðbænum.

Því er haldið fram í svari frá Reykjavíkurborg 1. október 2020 að ljósmagn skipti ekki máli, þ.e. hvort lýsingin sé 20 lúx eða 50 lúx, sjá fylgiskjal. Því er hafnað af augljósum ástæðum.

Þegar þessi mál ber á góma þá er gjarnan vísað í drög að skýrslu sem ber heitið Ljósivistastefna Reykjavíkur sem liggur fyrir í drögum frá 8. mars 2019 (sjá fylgiskjal). Ekkert er að finna í skýrslunni sem tekur á því máli sem tillagan gengur út á, heldur eru drögin almenns eðlis og lítið gagn af þeim inn í umræðuna.

Þessi tillaga er fyrst og fremst öryggistillaga borgarbúum til heilla. Kostnaður við aukna götulýsingu er innan við 20 milljónir á ári. Markmið Reykjavíkurborgar hlýtur alltaf að vera að íbúarnir búi við öryggi.